

SIÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

860. tbl - 19. árg.

17. janúar 2019



Kúttmagakvöld í Röst



Árlegt Kúttmagakvöld Lionsklúbbs Nesþinga á Hellissandi, Leikfélags Ólafsvíkur og Slysavarnadeildarinnar Helgu Bárðardóttur á Hellissandi var haldið um síðustu helgi. Þessi þrjú félög hafa staðið fyrir mikilli fiskiréttaveislu þar sem kúttmagi er í hávegum hafður í mörg ár og komin áratugahefð fyrir henni.

Kúttmagakvöldið er opið öllum þeim sem náð hafa sextugsaldri og er haldið í félagsheimilinu Röst á Hellissandi, stendur undirbúningur yfir alla vikuna á undan, á meðfylgjandi mynd er félagar í Lionsklúbbi Nesþinga að undirbúa og hreinsa kúttmaga í vinnslusal Hraðfrystihúss Hellissands.

Að þessu sinni voru rúmlega 90 gestir á kvöldinu sem heppnaðist mjög vel. Var mjög vel látið að matnum og þau Trausti Leó og Kristbjörg spiluðu og sungu nokkur lög gestum til mikillar ánægju. Að því loknu var komið að

ásadansinum sem alltaf er beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Kvöldinu lauk svo með dansleik þar sem hljómsveitin B4 úr Búðardal hélt uppi fjörinu.

þa



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Störf í boði

Fiskmarkaður Íslands leitar að fólki til vertíðarstarfa
í **flokkunar- og slægingarstöð** Rífi.

Um ræðir vertíðarvinnu frá 15. janúar til 31. maí. Mikil vinna í boði.

Einnig leitum við af **vönum lyftaramanni** í heils árs starf á sömu starfsstöð.

Fyrir áhugasama hafð samband við:

Reynir Guðjónsson, reynir@fmis.is, 840-3725 eða
Smára Björgvinsson, smari@fmis.is, 840-3715



Lætur af störfum eftir 46 ár

Svanhildur Pálsdóttir (Sanný okkar) lét af störfum um áramótin eftir að hafa starfað á Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík í 46 ár. Fyrstu árin vann hún við þrif og aðstoðaði við hin

ýmsu verk. Tók hún síðan við sem móttökuritari árið 1987. Á þessum árum var heilsugæslustöðin í Hjarðartúni þar sem tónlistarskólinn er nú.

Hún hefur unnið störf sín með

miklum sóma og munum við sem störfum þar sakna hennar mikið.

Sanný mætti alltaf brosandi og glöð til vinnu sinnar og greiddi götu margra í gegnum árin. Taldi aldrei neitt eftir sér og hljóp í allt mögulegt þó það væri ekki endilega í hennar verkahring. Hún man tímuna tvenna, því ansi margt hefur breyst á þessum árum. Eins og við öll vitum sem hér búum þá hafa verið ansi tíð læknaþjónusta í gegnum árin og

krefst það meira af hinum sem vinna fast að aðstoða þá sem hingað koma.

Takk fyrir þín störf elsku Sanný. Við vitum að þú lætur þér ekki leiðast því nægur er krafturinn í þér. Þú ert listræn og lumar á ýmsu sem við eigum örugglega eftir að fá að sjá koma í ljós á næstu árum.

Samstarfsfólk Sannýjar



ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



„Tala þú, Drottinn, því að þjónn þinn heyrir.“

Guðsþjónusta verður í Ólafsvíkirkirkju
á sunnudag kl. 14.

Jesú bænin – bæn hjartans.

Námskeið verður í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju
mánudaginn 28. janúar kl. 20.

Aflabrögð

Veiðar hafa farið vel af stað á nýju ári og dagana 1. til 14. janúar komu 1.220 tonn á land í höfnum Snæfellsbæjar í 174 löndunum. Þar af 694 tonn í 70 löndunum í Rifshöfn, 464 tonn í 96 löndunum í Ólafsvíkurhöfn og 62 tonn í 8 löndunum á Arnarstapa.

Hjá dragnótabátunum landaði Egill SH 32 tonnum í 6, Saxhamar SH 24 tonnum í 6, Guðmundur Jensson SH 20 tonnum í 6, Gunnar Bjarnason SH 18 tonnum í 7, Steinunn SH 15 tonnum í 6, Matthías SH 12 tonnum í 3, Esjar SH 10 tonnum í 5, Sveinbjörn Jakobsson SH 9 tonnum í 4, Rifsari SH 9 tonnum í 5, Magnús SH 7 tonnum í 1 og Ólafur Bjarnason SH 3 tonnum í 3, löndunum.

Hjá litlu línubátunum landaði Kristinn SH 88 tonnum í 9, Tryggvi Eðvarðs SH 84 tonnum

í 8, Særf SH 65 tonnum í 8, Gullhólmi SH 59 tonnum í 7, Stakkhamar SH 44 tonnum í 7, Álfur SH 41 tonni í 7, Brynja SH 37 tonnum í 7, Lilja SH 32 tonnum í 6, Kvika SH 22 tonnum í 5, Rán SH 20 tonnum í 5, Kári SH 16 tonnum í 6, Sverrir SH 13 tonnum í 4, Ingibjörg SH 8 tonnum í 3, Signý HU 2 tonnum í 1 og Þerna SH 2 tonnum í 1 löndun.

Hjá stóru línubátunum landaði Tjaldur SH 125 tonnum í 2, Örvar SH 125 tonnum í 2, Rífsnes SH 87 tonnum í 2 og Hamar SH 48 tonnum í 3 löndunum.

Fjórir netabátar lönduðu þessa daga Bárður SH landaði 63 tonnum í 12, Magnús SH 57 tonnum í 11, Ólafur Bjarnason SH 12 tonnum í 3 og Arnar II SH 9 tonnum í 3 löndunum.

þa



Bifreiðuverkstæði Egis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Skálað fyrir Heiðinni




Það bar til tíðinda í byrjun síðustu viku að á heimasíðu Vegagerðarinnar birtist tilkynning um að búið væri að ljúka samningum við Borgarverk, fyrirtækið átti lágsta tilboð í vegagerð á Fróðárheiði.

Þegar verkið var boðið út þá lofaði Björn Hilmarsson umboðsmaður Olís í Snæfellsbæ að skálað skyldi í koníaki þegar klárt væri að af verkinu yrði, nú

þegar búið var að skrifa undir þá þótti sá tími vera kominn og því var skálað á kaffistofu Olís að morgni miðvikudags í síðustu viku og er myndin tekin við það tækifæri.

Síðastliðinn þriðjudag mættu svo starfsmenn Borgarverks á Fróðárheiði og hófu uppsetningu upplýsingaskilta um verkið, því má segja að verkið sé hafið.

Jó



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Unnu í leikfangahappdrætti



Það var fjölmennt í félagsheimilinu Klifi á aðfangadagsmorgun bæði af börnum og fullorðnum á jólahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Lionsklúbbur Ólafsvíkur hefur í fjölda ára staðið fyrir happdrættinu og það orðið stór hluti af aðfangadagsmorgni hjá mörgum.

Vinningar í þessu happdrætti eru alltaf veglegir og mikil spenna þegar dregið er, í hléi var svo hægt að gæða sér á góðum veitingum. Aðalvinningurinn að þessu sinni var Playstation4 og voru það systkinin Óliver Nói og Eyrún Lilja Einarsbörn sem hlutu hann að þessu sinni. *þa*



Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls

Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls verður haldinn
fimmtudaginn 24. janúar kl 20
í Kaffistofu HH (Hraðfrystihús Hellissands)

1. Kosið um fundarritara og fundarstjóra
2. Ársreikningur kynntur og greitt um hann atkvæði.
3. Skýrsla formanns og kynning á nýjum velli sem byrjað verður á í vor 2019.
4. Breytingar í stjórn
5. Önnur mál

Hvetjum alla félagsmenn og alla þá sem vilja kynna sér starfsemi Jökuls og það stóra verkefni sem framundan er.

Stjórn Golfklúbbsins Jökuls.

TIL SÖLU



Til sölu er iðnaðarhúsnæðið að Klifbrekku 4.

Til sölu er iðnaðarhúsnæðið að Klifbrekku 4 í Ólafsvík. Eignin er 186 fermetrar að stærð.

Allar nánari upplýsingar um eignina og verð veitir Erlingur Helgason í síma 893-1284

Frá ferðanefnd félags eldri borgara í Snæfellsbæ



Sumarferð og Raggi Bjarna

Hin árlega **sumarferð félagsins verður til Akureyrar** í þetta sinn. Farið verður föstudaginn 28. júní og komið til baka mánudaginn 1. júlí og verið í alls þrjú daga. Dvalið verður á Hótel KEA og farið verður í skoðunarferðir undir stjórn kunnugra ma til Húsavíkur og fleiri staði. Verð á mann í tveggja manna herbergi er alls kr 44.850 með morgunmat. (kr 14.950 pr nótt) Félagar sem ætla að fara eru beðnir að skrá sig sem first hjá ferðanefndarmönnum þeim Þorgeiri gsm 896 1769, Péttri Steinari gsm 893 4718, og Emanúel gsm 865 2199.



Þá er ætlunin að fara á **85 ára afmælistónleika Ragnars Bjarnasonar** í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 17. mars nk og hefjast þeir kl 20.00. Búið er að taka frá 54 miða á tónleikana og höldum við þeim til mánudagsins 21. janúar nk. Farið verður fram og til baka með rútu og snætt verður á veitingastað fyrir tónleikana. Upplýsingar um ferðina gefur Pétur Steinar gsm 893 4718.

*Með kveðju
Ferðanefnd félags eldri borgara í SNB*

Snæfellsbær tekur upp frístundastyrki

Á síðasta fundi sínum á nýliðnu ári samþykkti Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samhljóða að tekinn verði upp frístundastyrkur frá og með árinu 2019. Hljóðar frístundastyrkurinn upp á 20.000 krónur á hverju ári og gildir hann til niðurgreiðslu þátttökugjalda fyrir börn á aldrinum 5 til 18 ára í skipulögðu íþrótta- og

tómstundastarfi. Samkvæmt reglum sem einnig voru samþykktar á fundinum af bæjarstjórn er ekki um beingreiðslur til forráðamanna að ræða heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð til niðurgreiðslu af því æfingagjaldi sem til fellur. Þar sem framkvæmd á endurgreiðslunni er enn í

vinnslu er þess óskað til að byrja með að foreldrar leggji út fyrir æfingagjaldinu og sæki svo um endurgreiðslu til bæjarritara. Markmið bæjaryfirvalda með frístundastyrknum er eins og fram kemur á vef bæjarins að hverja börn og unglínga til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi í Snæfellsbæ og veit öllum tækifæri til þess óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Á þessum sama fundi sam-

þykkti bæjarstjórn að veita Golfklúbbnum Jökli styrk að upphæð 10 milljónir á ári næstu 4 ár til uppbyggingar á nýjum golfvelli á Rífi. Munu þessar ákvarðanir bæjarstjórnar vonandi verða til þess að enn fleiri börn og unglíngar í Snæfellsbæ taki þátt í því öflugna og góða íþróttafélögin og fleiri standa að í bæjarfélaginu.

þa



Valdar á úrtaksæfingar

Knattspyrnufólk af Snæfellsnesi er æ oftast valið í úrtaksæfingar yngri landsliða Íslands, á mánudag bærust fréttir af því að búið væri að velja æfingahóp fyrir U-16 landslið kvenna og Víkingur Ó. á tvo fulltrúa í hópnum, þær

Aldísi Guðlaugsdóttur og Sædís Rún Heiðarsdóttur. Þá er Aníta Ólafsdóttir, markvörður ÍA, einnig í hópnum en hún er uppalin hér í Ólafsvík.

Þetta er glæsilegur árangur hjá stúlkunum.